

7. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn í Vinnustofu Kjarvals, miðvikudaginn 25. janúar 2023, kl. 17:00.

Mættir: Halldóra Guðvarðardóttir, Sigurbjörg Fjölnisdóttir, Marta Sigurjónsdóttir, Magnús Heimir Jónasson, Eva Hrund Gunnarsdóttir, Sólveig Jónsóttir og Edda Dögg Ingibergsdóttir,

Forföll boðaði: Axel Þór Eysteinnsson.

Fundargerð ritaði: Eva Hrund Gunnarsdóttir

Málefni tekin á fundi

1. Staðan

- Sólveig uppfærði stjórn um ráðningu afreksstjóra ÍSÍ.
- Fimleikasambandið fékk úthlutað 54.700.000 kr. úr Afrekssjóði fyrir árið 2023.
- Fimleikasambandið fékk úthlutað tæpum 28 milljónum frá Ríkissjóði vegna Covid.

2. Ferðareglur

Rætt um að uppfæra í ferðareglur FSÍ í keppnisferðum. Niðurstaðan var sú að gera drög að uppfærslu fyrir næsta fund.

3. LOC fyrir NM í hóp fimleikum á Íslandi

Óskað var eftir stjórnarmeðlimi í undirbúningsnefnd mótsins, Halldóra Sigríður Guðvarðardóttir steig fram.

4. Þjóðarleikvangur

Rætt um stöðuna á Þjóðarleikvangnum.



5. Landsliðsmál

Landsliðsmál rædd. Fundað með tækninefnd kvenna í síðustu viku. Framtíðarmál rædd.

6. Afreksstefnan

Er í ferli, vinnustofa fer fram á formannafundi og svo á þingi í vor.

7. Uppgjör 2023

Eva fór yfir helstu tölur uppgjörsins.

8. Mat á þjálfurum í leyfi

Rætt um matið sem hefur verið gert. Stjórn samþykkti ferilinn sem er í kringum matið.

9. Starfsmannasamtöl o.fl.

Sólveig og Marta hafa tekið starfsmannasamtöl við alla starfsmenn skrifstofu sem gengur vel. Formaður FSÍ var á bílaleigubíl frá Höldur frá árinu 2017-2021 í tengslum við stóraukið vinnuframlag formanns, þessi venja hefur verið endurvakin.

Fundi slitið kl. 18:45.